



Nefndarálit forsætisnefndar um

ráðherranefndartillögu um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2013

1. Tillaga forsætisnefndar

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að innan ramma verkefnisins „Sjálfbær velferð á Norðurlöndum“ verði fjármagni varið til að koma á skipulögðu starfi varðandi sjaldgæfa sjúkdóma og sérhæfða meðferð í heilbrigðiskerfinu

að Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál taki til greina Tilm. 28/2010 um að koma á fót norrænni rafrænni skrá yfir lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga og annað löggilt fagfólk á heilbrigðissviði innan ramma þess fjárhagsramma sem lagður er til fyrir verkefnið „Sjálfbær velferð á Norðurlöndum“, eða tryggi lipra og skilvirka samræmingu milli skráa í löndunum

að á fjárlagaliðnum Ráðstöfunarfé umhverfisráðherranna 3-3310-1 sé gert ráð fyrir verkefni sem geri tillögu að norrænu samstarfi um geislavirkan úrgang á Norðurlöndum

að Norrænu náttúru- og umhverfisverðlaunin verði hluti af fjárhagsáætluninni á sérstökum fjárlagalið

að 300.000 DKK eyrnamerkist Norrænni ráðstefnu um menntamál árið 2013 til að tryggja gæði og þróun í grunnmenntun á Norðurlöndum. (Fjármagnist af ráðstöfunarfé á sviði mennta og rannsókna, 2-1505-1 og e.t.v. einnig fjármagnað af Norðurlandaráði)

að raunhæf verkefni sem varða neytendamál verði styrkt um allt að 300.000 DKK

að varið verði fjármagni til að hefja tafarlaust aðgerðir til að auðvelda nýliðun starfsfólks frá öðrum norrænum löndum á skrifstofunum í Kaupmannahöfn

2. Aðdragandi

Forsætisnefndinni hefur borist ráðherranefndartillaga um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2013. Fjárlagahópur forsætisnefndarinnar sem í sitja Per-Kristian Foss (K), Noregi, formaður, Helgi Hjörvar (S) Íslandi, Åsa Torstensson (C) Svíþjóð, Silvia Modig (VSG) Finnlandi, Karen Elleman (V) Danmörku og Anne Louhelainen (saf) Finnlandi, hefur, eftir viðræður við Norðmenn sem fara með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni, samið drög þessi að nefndaráliti um fjárhagsáætlun fyrir árið 2013.

Það setti mark sitt á viðræðurnar að samstarfsráðherrarnir afgreiddu ekki tillögu framkvæmdastjórans að fjárhagsáætlun fyrr en í september. Þar sem Norðurlandaráð hefur ekki áhrif á heildarfjárhagsrammann en getur einungis lagt til breytingar á forgangsröðun innan rammans, varð að bíða með endanlegar tillögur þar til afstaða ráðherranna lá fyrir.

Tillagan um sérhæfða meðferð og sjaldgæfa sjúkdóma er forgangsmál sem er í brennidepli í mörgum norrænu landanna. Norrænu forsætisráðherrarnir fjölluðu einnig um þetta mál á sumarfundinum 2012.

Tillagan um að taka til greina Tilm. 28/10 um að koma á fót norrænni rafrænni skrá yfir lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga og annað löggilt fagfólk á heilbrigðisviði, en þessi tilmæli eru ofarlega á baugi vegna óheppilegra atvika í heilbrigðiskerfinu.

Tillagan um geislavirkan úrgang er að frumkvæði umhverfisnefndar, sem hefur vakið athygli fjárlagahópsins á að hér skorti samstarf.

Norrænu náttúru- og umhverfisverðlaunin hafa hingað til ekki verið hluti af fjárhagsáætlun þó verðlaunin hafi verið við lýði frá árinu 1996.

Norrænn leiðtogafundur um menntamál til að tryggja gæði og þróun grunnmenntunar á Norðurlöndum, er tillaga sem breið samstaða ríkir um í nefndum og flokkahópum.

Tillaga um verkefni um neytendamál er afrakstur ráðstefnu borgara- og neytendanefndar sem var haldin 27. september 2012, en nefndin hafði áskilið sér að bíða niðurstaðna ráðstefnunnar.

Að lokum er tillagan um *að hrinda af stað aðgerðum til að auðvelda nýliðun starfsfólks*, sem er aðkallandi vandamál sem krefst pólitískra aðgerða.

Breytingartillögurnar eru viðbót við fjárhagsáætlunina, og þess er vænst að þeim verði vel tekið af ráðherrunum. Athygli er vakin á því að samkvæmt 64. gr. Helsingforssamningsins ber ráðherranefndinni að fara að tilmælum Norðurlandaráðs nema sérstakar aðstæður liggi fyrir.

3. Umsagnir

Allar nefndir Norðurlandaráðs ásamt flokkahópum Norðurlandaráðs hafa fjallað um tillöguna að fjárhagsáætlun og lagt fram forgangsmál sín og tillögur. Fjárlagahópurinn hefur haft álitin til umfjöllunar og endanlegar tillögur sem eru settar fram í þessu nefndaráliti byggja á þeim.

4. Sjónarmið forsætisnefndar

Á árinu 2012 hefur forsætisnefndin í meginatriðum verið ánægð með tillögu framkvæmdastjórans að fjárhagsáætlun og tillögum að

Norðurlandaráð

B 280/presidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Fylgiskjal:
- Ráðherranefndartillaga

Málsnúmer 12-00191-1

forgangsroðun. Forsætisnefndin tekur fram að komið hefur verið til móts við tillögur Norðurlandaráðs í viðræðum og samstaða hefur verið mikil.

Norðurlandaráð

Það er ánægjulegt að í starfi að „Grænum hagvexti“ var komið til móts við tillögur fjárlagahópsins um að sneiða hjá hættulegum eignum í opinberum innkaupum. Sama á við um samstarf við Helcom, sem fer fyrst og fremst fram innan ramma Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO).

B 280/presidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Annað atriði sem sett var á oddinn í viðræðum um fjárhagsáætlunina er siglingaöryggi á norðurslóðum. Forsætisnefndinni er kunnugt að þessi mál eru ekki hluti af formlegu norrænu samstarfi, en kemur til kasta Norðurskautsráðsins og annarra alþjóðasamtaka. Norðurlandaráð mun þó fylgjast náið með þessu starfi og leggja fram tilmæli þar að lútandi á næsta þemaþingi, en þar verða öryggis- og varnarmál til umræðu.

Fylgiskjal:
- Ráðherranefndartillaga

Málsnúmer 12-00191-1

Forsætisnefndinni er einnig ljóst að þegar ráðherranefndin boðar sparnaðaraðgerðir á komandi árum, er ekki heppilegt að hrinda af stað nýjum verkefnum á borð við „Projekt Nordens Hus Flensborg“, eins og ráðgert var.

Forsenda þátttöku fjárlagahópsins í viðræðum um árið 2013 var óbreyttur heildarrammfi fjárhagsáætlunar. Ákvörðun samstarfsráðherranna um þetta kom seint og forsætisnefndin biðst velvirðingar á þeirri seinkun sem varð á gerð fjárhagsáætlunar vegna þess.

Forsætisnefndinni er ljóst að samstarfsráðherrarnir hafa samið um að lækka um 5% heildarrammann fyrir árið 2014. Forsætisnefndin harmar þetta samkomulag og sér ekki ástæðu til að taka slíka ákvörðun. Sparnaðaraðgerðir koma mun harðar niður á norrænu löndunum en sem svarar ávinningi hvers lands af samstarfinu.

En forsætisnefndin vill benda á að ef skera á niður fjárhagsáætlun í framtíðinni, er ráðherranefndin hvött til að gera raunhæft og pólitískt mat á því hvar skuli spara. Forsætisnefndin leggur áherslu á að hún fellst ekki á almennan niðurskurð um 5% á öllum fjárlagaliðum. Ef skera á niður heildarrammann eða huga að hagræðingu á það að gerast á grundvelli pólitísku og ábyrgs mats á liðum fjárhagsáætlunarinnar. Fjárlagahópur forsætisnefndar um gerð fjárhagsáætlana er fús til að taka þátt í uppbyggilegu samstarfi um slíkt ferli.

5. Niðurstaða

Forsætisnefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að innan ramma verkefnisins „Sjálfbær velferð á Norðurlöndum“ verði fjármagni varið til að koma á skipulögðu starfi varðandi sjaldgæfa sjúkdóma og sérhæfða meðferð í heilbrigðiskerfinu

að Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál taki til greina Tilm. 28/2010 um að koma á fót norrænni rafrænni skrá yfir lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga og annað löggilt fagfólk á heilbrigðissviði innan ramma þess fjárhagsramma sem lagður er til fyrir verkefnið „Sjálfbær velferð á Norðurlöndum“, eða tryggi lipra og skilvirka samræmingu milli skráa í löndunum

að á fjárlagaliðnum Ráðstöfunarfé umhverfisráðherranna 3-3310-1 sé gert ráð fyrir verkefni sem leggi fram tillögu að norrænu samstarfi um geislavirkan úrgang á Norðurlöndum

að Norrænu náttúru- og umhverfisverðlaunin verði hluti af fjárhagsáætluninni á sérstökum fjárlagalið

að 300.000 DKK eyrnamerkist Norrænni ráðstefnu um menntamál árið 2013 til að tryggja gæði og þróun í grunnmenntun á Norðurlöndum. (Fjármagnist af ráðstöfunarfé á sviði mennta og rannsókna, 2-1505-1 og e.t.v. einnig fjármagnað af Norðurlandaráði)

að raunhæf verkefni sem varða neytendamál verði styrkt um allt að 300.000 DKK

að varið verði fjármagni til að hefja tafarlaust aðgerðir til að auðvelda nýliðun starfsfólks frá öðrum norrænum löndum á skrifstofunum í Kaupmannahöfn

Norðurlandaráð

B 280/presidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Fylgiskjal:
- Ráðherranefndartillaga

Málsnúmer 12-00191-1

Helsinki den 30. oktober 2012

Bertel Haarder (V)

Cristina Husmark Pehrsson (M)

Helgi Hjörvar (A)

Karin Gaardsted (S)

Karin Åström (S)

Kimmo Sasi (saml), Formand

Maarit Feldt-Ranta (sd)

Marit Nybakk (A)

Per-Kristian Foss (H)

Rigmor Andersen Eide (KrF)

Silvia Modig (vänst), Næstformand

Simo Rundgren (cent)

Åsa Torstensson (C)

RÁÐHERRANEFNDARTILLAGA

Norðurlandaráð

B 280/presidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Fylgiskjal:
- Ráðherranefndartillaga

Málsnúmer 12-00191-1

Ráðherranefndartillaga

Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2013

Framkvæmdastjórinn leggur til

- að NSK/MR-SAM samþykki Ráðherranefndartillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 með heildarramma sem nemur 961,472 MDKK á verðlagi ársins 2012 með:
 1. Breyttum textum á sviði MR-S (félags- og heilbrigðismál) eins og þeir koma fram í fylgiskjali 1
 2. Að textinn vegna ráðherranefndar um umhverfismál, MR-Miljö verði endurskoðaður samkvæmt eftirfarandi svo þar komi einnig fram upplýsingar um umhverfisverðlaunin
- að NSK/MR-SAM taki til athugunar að gert er ráð fyrir að MR-U samþykki breytingar sem koma fram í fylgiskjali 2 og að þessar breytingar verði hluti af endanlegri fjárhagsáætlun
- að NSK/MR-SAM stöðu á efnahagsreikningi til athugunar

Athugasemdir framkvæmdastjórans

Heildarramma fjárhagsáætlunar og breytingar á einstökum fjárlagaliðum

Framkvæmdastjórinn leggur fram tillögu að ráðherranefndartillögu um fjárhagsramma sem nemur 961,472 MDKK og óbreyttri skiptingu fjárveitinga á milli fagsviða miðað við verkefna- og fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2013 sem framkvæmdastjórinn lagði fram. Eins og kemur fram í fylgiskjali 2 er gert ráð fyrir að MR-U samþykki að leggja niður þrjá ráðgjafahópa og færa fjárveitingarnar vegna þeirra á nýjan fjárlagalið og leggja um leið það sem eftir er á fjárlagalið fagsviðsins sem heitir verkefni. Heildarramma fjárveitinga til MR-U helst óbreyttur þrátt fyrir þessa breytingu og framkvæmdastjórinn mælir með að það verði haft í huga varðandi fjárhagsramma MR-U.

Umsagnarferli í löndunum um fjárhagsáætlun framkvæmdastjórans 2013

Tillaga framkvæmdastjórans var send í umsagnarferli í löndunum. Svar frá Danmörku er hjálagað sem fylgiskjal 3. Í svarinu kemur fram að Danir fallast ekki á tillögu framkvæmdastjórans að fjárhagsáætlun fyrir árið 2013, því þar er gert ráð fyrir raunhækkun milli árunna 2012 og 2013. Því telja Danir að gera þurfi nýja tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2013. Framkvæmdastjórinn vísar í umræður sem eiga að fara fram á fyrri dagskrárlið þessa fundar, en þar er fjallað um ákvörðun dönsku ríkisstjórnarinnar varðandi fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2013.

Aðrar tillögur í umsögnum frá löndunum hafa verið um minni háttar breytingar á texta fjárhagsáætlunarinnar. Þær verða, ásamt öðrum minni háttar ritstjórnarlegum breytingum, felldar inn í endanlega fjárhagsáætlun. Engar athugasemdir hafa borist frá Norðmönnum.

Yfirlýsing sérfræðingahóps um fjárlagagerð

Yfirlýsing sérfræðingahóps um fjárlagagerð um fjárhagsáætlun framkvæmdastjórans er hjálögð sem fylgiskjal 4. Þar kemur fram að sérfræðingahópurinn hefur ekki lagt mat á yfirstandandi samræður um heildarupphæð fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar. Sérfræðingahópurinn gerði athugasemdir við tvo liði, a) óráðstafað fé hjá stofnunum Norrænu ráðherranefndarinnar og b) reglur um yfurfærslu óráðstafaðs fjármagns á einstökum fjárlagaliðum.

a)

Á yfirliti Norrænu ráðherranefndarinnar yfir óráðstafað fjármagn er einnig fjármagn sem *ekki* hefur verið tekin ákvörðun um hvernig skuli nota.

Ákvörðun um fjárveitingar til stofnana Norrænu ráðherranefndarinnar er tekin í tengslum við samþykkt fjárhagsáætlunar, en í kjölfarið færast ráðstöfunarréttur yfir þessu fjármagni til stofnunarinnar og stjórnar hennar.

Við árslok er hægt að gera „óráðstafað“ fé stofnunarinnar upp sem eigið fé viðkomandi stofnunar, enda sýnir eigið fé þann hluta eigna sem ekki samsvarar skuldbindingum gagnvart þriðja aðila. Eigið fé stofnunarinnar á að tryggja að stofnunin eigi fyrir skuldum og hafi nóg lausafé til að greiða grunnútgjöld stofnunarinnar. Samkvæmt fjársýslureglum ráðherranefndarinnar mega stofnanirnar ekki taka lán og þær geta því ekki fengið yfirdráttarheimild, ekki einu sinni í skamman tíma. Ef reynt er að halda eigin fé í núlli skapar það verulega hættu á að stofnunin hafi ekki nægilegt lausafé til að greiða t.d. laun starfsmanna.

Því mælir skrifstofa ráðherranefndarinnar almennt með því að til að tryggja óslitinn rekstur, skuli eigið fé stofnunar samsvara tveggja til þriggja mánaða rekstri. Upphæð eigin fjár er ákveðin af stjórn stofnunarinnar og er rædd á hverju ári í samráði milli skrifstofu ráðherranefndarinnar og viðkomandi stofnunar í tengslum við gerð ársreikninga og ársskýrslu, einkum ef verulegt misræmi er milli upphæðar eigin fjár sem stefnt var að raunverulegs eigin fjár í árslok.

Það er því mat skrifstofunnar að þegar eigið fé stofnana er tekið með í yfirliti yfir óráðstafað fjármagn hjá Norrænu ráðherranefndinni gefi það ekki rétta mynd af því fjármagni sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig skuli nota.

b)

Í fjársýslureglum um starfsemi sem er fjármögnuð af fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar kemur eftirfarandi fram í 20. grein, lið A, um reglur um yfurfærslu fjármagns:

Norðurlandaráð

B 280/presidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Fylgiskjal:
- Ráðherranefndartillaga

Málsnúmer 12-00191-1

„Af óráðstöfuðu fjármagni á fjárlagaliðum má yfirfæra upphæð sem nemur 20% af fjárveitingu ársins yfir á næsta fjárhagsár. Ef fjárlagaliðurinn er undir 1 MDKK má þó yfirfæra óráðstafað fjármagn óskert allt að 200.000 DKK.

Norðurlandaráð

Færsla fjármagns á milli fjárhagsára gerist á fjárlagaliðnum samkvæmt reglunni um að nota skuli elstu fjárveitingarnar fyrst.

B 280/presidiet

Frá og með fjárhagsárinu 2009 verður óráðstafað fjármagn sem ekki er hægt að færa yfir á næsta fjárhagsár (r+1) fært aftur til landanna þar til ráðherranefndin hefur endurgreitt 35 MDKK. Fjármagnið er endurgreitt til landanna samkvæmt skiptireglu sem var í gildi árið 2008. “

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Fylgiskjal:
- Ráðherranefndartillaga

Sérfræðingahópurinn um fjárlagagerð hefur farið fram á það við skrifstofuna að hún meti áhrif þess að lækka regluna um 20 %, annars vegar í 10 og hins vegar 5%. Á eftirfarandi yfirliti má sjá afleiðingar þess að prósentustiginu er breytt, annars vegar í 10% og hins vegar 5% (miðað við ársreikninga fyrir árið 2011).

Málsnúmer 12-00191-1

	20 %	10 %	5 %
Upphæð	2.244 TDKK	7.257 TDKK	14.956 TDKK

Erfitt er að meta hvort breyting á reglunni muni leiða til sama tekjuauka, en lægri prósentu mun að öllu jöfnu auka tekjurnar.

Efnahagsreikningur 15.8 2012

Efnahagsreikningur (fylgiskjal 5) sýnir að óráðstafað fjármagn nemur u.þ.b. 133 MDKK. Það þýðir að ráðstöfunarhlutfallið er 80%. Á sama tíma í fyrra (10. ágúst) nam óráðstafað fjármagn 133 MDKK (79%).

Þau svið sem núna hafa mest óráðstafað fjármagn eru Samstarf við grannsvæði og Hnattvæðingarverkefni.

Samráð við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar 2013

Ákveðinn hefur verið fundur um fjárhagsáætlunina með formanni fjárlagahóps Norðurlandaráðs þann 29. ágúst 2012. Fjárlagahópur Norðurlandaráðs hefur sett fram hugmyndir varðandi fjárhagsáætlun framkvæmdastjórans. Ein af hugmyndunum varðar umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs sem hópurinn vill viðhalda og tryggja. Því er lagt til að umhverfisverðlaunin verði felld inn og markmið þeirra gerð skýrari undir við fjárlagaliðnum Ráðstöfunarfé - umhverfismál og að einnig verði færður inn stuttur texti í almennan formála að fagsviði umhverfismála.

Norrænu samstarfsnefndinni (NSK) til upplýsingar koma hugmyndirnar og svar ráðherranefndarinnar fram í fylgiskjali 6.

Áætlað framlag landanna

Vegna breyttra verðbólguvæntinga og gengis gjaldmiðla var í tengslum við framlagningu tillögu ráðherranefndarinnar gerð ný áætlun um framlag landanna vegna ársins 2013 í gjaldmiðli hvers lands. Í eftirfarandi yfirliti er reiknað með afleiðingum greiðslna samkvæmt samningi um aðgang að æðri menntun miðað við gildandi taxa:

	ág-2012	jún-12	Breyting
Danmörk, TDKK	154.276	153.650	0,41 %
Finnland, TEUR	24.980	24.903	0,31 %
Ísland, TISK	149.315	149.212	0,07 %
Noregur, TNOK	335.674	337.110	-0,43 %
Svíþjóð, TSEK	369.533	370.778	-0,34 %